

144. löggjafarþing 2014–2015.

Þingskjal 870 — 502. mál.

Tillaga til þingsályktunar
um lýðháskóla.

Flm.: Brynhildur Pétursdóttir, Björt Ólafsdóttir, Páll Valur Björnsson,
Óttarr Proppé, Róbert Marshall, Guðmundur Steingrímsson.

Þar segir m.a.

„Þeir auka fjölbreytni í menntakerfinu og geta mætt þörfum nemenda með öðrum hætti en hefðbundnir skólar.“

Þetta er höfuðatriði og vísar til inntaks og starfshátta þessara skóla. Menntun í nútíma þjóðfélagi gegnir margvíslegum tilgangi, fyrir mjög fjölbreyttan hóp þjóðfélagsþegna sem allir fara í gengum fjölmörg þroska og reynslustig á sínum ferli. Fjölbreytni í menntaflórunni er þess vegna afar mikilvæg og verður sífellt mikilvægari.

Þótt skólakerfið með sínu skipulagi og prófakerfi skipi hæstan sess þá er fjölbreytni mikilvæg og það er mjög líklegt að lýðháskólar myndu með skynsamlegri útfærslu, sem yrði af allt öðru tagi en hefðbundnir skólar verða afar mikilvæg viðbót. Símenntunarmiðstöðvarnar með sínum áherslum eru líka mikilvæg viðbót við skólakerfið en lýðháskólarnir myndu gegna allt öðru hlutverki.

Það má leiða sterkum líkum að því að stuðningur við þróun lýðháskóla yrði farsælt skref. Það er skynsamlegt að horfa til Norðurlandanna eins og segir í greinargerðinni, en hafa ber í huga hve útfærslur þar eru margvíslegar. Einnig ber að hafa í huga litríka sögu lýðháskóla á Íslandi, en undir það síðasta vantaði stuðning við áhugaverðar tilraunir. En eins og látið er að liggja í tillögunni má hugsa sér lýðháskóla með margs konar sniði og ekki yrði farsælt að negla það mjög mikið niður, nema að því leyti að þeir eiga bókstaflega að vera ólíkir hefðbundnum skólum í fjölmörgum lykilatriðum.

Í handriti um skólasögu segir Jón Torfi Jónasson:

„En styrkur lýðháskólahugsjónarinnar hér á landi var falinn innan vébanda hinna öflugu héraðsskóla á árunum 1920-1950. Þeir sogast síðan inn í skólakerfið (staðfest með lögunum 1946) en fyrir bragðið náði hreyfingin ekki fótfestu annars staðar. Þess vegna má segja að lýðháskólameiðinn vanti inn í íslenskt skólastarf á seinni hluta 20. aldarinnar, þrátt fyrir tilraunir til þess að byggja upp skóla í Skálholti eða tilraunir Odds Albertssonar í Reykholti og síðar í Reykjavík á tíunda áratugnum.“

Sjá einnig

Jón Torfi Jónasson. (1999). Lýðháskólar á Íslandi í byrjun 20. aldar. Í Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Kristín Indriðadóttir, og Ólafur Proppé (Ritstj.), *Steinar í vörðu, til heiðurs Puriði J. Kristjánsdóttur sjötugri*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

F.h. Menntavísindasviðs Háskóla Íslands

Jón Torfi Jónasson, prófessor